

GJALDSKRÁ

fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- a. 430 kr. á klukkustund á gjaldsvæði 1.
- b. 220 kr. á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- c. 220 kr. á klukkustund, fyrir fyrstu tvær klukkustundirnar en 65 kr. á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- d. 220 kr. á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

- a. 1.300 kr. á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- b. 2.600 kr. á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1054/2022.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 11. nóvember 2022.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2022